

Kynningarbréf vegna kosninga á kirkjuþing maí 2022

Komið þið sæl,

ég hef áhuga á því að verða fulltrúi Reykjavíkurrófastsdæmis eystra á kirkjuþingi sem leikmaður og býð mig fram í þeim kosningum sem fram fara í maí 2022 og óska eftir stuðningi ykkar.

Ég tel mig eiga erindi á kirkjuþing þar sem ég hef mikinn áhuga á starfi kirkjunnar og reynsla mín af setu í sóknarnefnd Seljakirkju undanfarin ár, þátttaka í héraðsfundum Reykjavíkurrófastsdæmis eystra sem og reynsla mín af rekstri fyrirtækja geti gagnast á kirkjuþingi. Mér finnst mikilvægt að þeir leikmenn sem veljast á kirkjuþing þekki vel grunnstarf kirkjunnar sem fram fer í kirkjunum um allt land, að þeir hafi góð tengsl við sína sóknarkirkju og ekki síður sóknarnefndir að ógleymdum prestum og öðru starfsfólki, sá er eldurinn heitastur er á sjálfum brennur. Því er áriðandi að fulltrúar á kirkjuþingi þekki starf kirkjunnar og þær áskoranir sem sóknirnar glíma við á hverjum degi. Það hlýtur að vera kostur að hafa reynslu og þekkingu á rekstri er kemur að kirkjuþingi þar sem sá þáttur hefur aukist í starfi þess. Þá reynslu hef ég vegna starfa minna við stjórnun og rekstur fyrirtækja allt frá árinu 1990 til dagsins í dag.

Ég hef setið í sóknarnefnd Seljakirkju síðastliðin ár, fyrst sem varamaður frá maí 2017 en aðalmaður frá 2019 og er nú ritari sóknarnefndar og í framkvæmdanefnd sóknarnefndarinnar. Það hefur verið mér mikil ánægja að starfa með því góða fólki sem þar er, starfsfólki og sóknarnefnd sem hefur ýtt undir áhuga minn á að bjóða mig fram til frekari starfa fyrir kirkjuna. Jafnframt setu í sóknarnefnda hef ég verið safnaðarfulltrúi sóknarnefndarinnar og mætt sem slíkur á héraðsfundi og því kynnst rekstri kirkjunnar með þátttöku minni á þeim fundum. Því geri ég mér góða grein fyrir þeim áskorunum sem einstakar sóknir og kirkjan sem heild stendur frammi fyrir í nálægri framtíð. Mig langar að leggja mitt af mörkum til að styrkja starf sóknanna og kirkjunnar í heild með þátttöku í sóknarnefnd og setu á kirkjuþingi. Ég vil þakka mínu góða samstarfsfólki í Seljakirkju sem hvatt hefur mig til að bjóða mig fram til kirkjuþings og þykir vænt um það traust og þann stuðning sem það hefur sýnt mér.

Minn bakgrunnur er að miklu leyti í rekstri þó svo menntun mín sé meira á húaníska sviðinu. Ég er frá Dalvík og ein af mínum fyrstu minningum eru kirkjuferðir en ég hafði mikinn áhuga á og gleði af söng og hef enn. Ein sterkasta minningin er þó hversu hræðilega ullarjakkafötin stungu mig – en maður verður að taka það súra með því sæta. Mér leið alltaf vel í kirkjunni á Dalvík og tengdist henni ekki síst vegna þess að móðir mín söng í kirkjukórnum þar í allmörg ár. En sú ánægja sem ég hef af því að sækja kirkju byggir sennilega á þessum fyrstu kynnum mínum af kirkjustarfi og enn fyllist ég gleði og hugarró við það að fara í kirkju og hlýða á messu – enda geri ég það eins oft og færi gefst. Fyrir nokkrum árum fór ég í messu með yngsta syni mínum nánast á hverjum sunnudegi í mismunandi kirkjum á höfuðborgarsvæðinu til að bera saman og kynnst starfi kirkna á svæðinu. Hygg ég að það séu fáar kirkjur á þessu svæði sem ég hef ekki hlýtt á messu. Á ferðalögum mínum um landið okkar og einnig í útlöndum legg ég mikla áherslu á að sækja messur og skoða kirkjur og eru æði margar myndir til af mér fyrir framan eða inni kirkju. Ég hef vegna starfa minna og ferðalaga farið í messur um víða veröld s.s. í Bandaríkjunum,

Norðurlöndunum og víða í Evrópu en oftast í Bretlandi þar sem ég starfaði um langt skeið. Einn sona minna gekk í skóla ensku biskupakirkjunnar í þorpinu okkar og við fórum reglulega í messu í kirkjunni í þorpinu og þar kynntist maður góðu fólki og átti gott samfélag. Auk þess fór fjölskyldan í messu á vegum Íslendingafélagsins í London þegar færi gafst. Ég hef því fengið sýn á kirkjustarf víðar en á Íslandi þó þátttaka mín í kirkjustarfi hér sé meiri en hún var erlendis þá hygg ég að áskoranir kirkna um víða veröld séu af svipuðum meiði og það geti gagnast okkur að hafa þekkingu og sýn á því sem gerist annars staðar svo við getum dregið lærdóm af því.

Að grunnskólanámi loknu á Dalvík lá leiðin í MA og síðan í Háskóla Íslands þar sem ég lauk prófi í sagnfræði, með hugmyndasögu sem kjörsvið. Síðar lauk ég MA gráðu í sögu hugmynda frá Sussex University í Englandi og stundaði doktorsnám í framhaldinu, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku auk Englands með styrk frá breskum sjóði en lauk því miður ekki doktorsprófinu. Þegar hyllti undir lok ritgerðar tóku örlögin í taumana er mér var boðið starf í London sem ég gat ekki látið frá mér fara. Það er eðli fyrirtækjarekstrar að grípa þarf gæsina þá hún gefst. Ég hafði unnið við rekstur og stjórnun nokkurra fyrirtækja á Íslandi en varð nú stjórnarformaður tveggja fyrirtækja á Englandi og hafði aðsetur í London um margra ára skeið. Á Íslandi hafði ég starfað sem markaðsstjóri í framleiðslufyrirtæki, framkvæmdastjóri í verslunarfyrirtæki á matvörumarkaði og framkvæmdastjóri iðnfyrirtækis sem meðal annars lagði stund á útflutning á árunum 1996-1999 er fyrirtækið var selt. Af þeim sökum komst ég í kynni við þá aðila sem ég fór að starfa með í London við fasteignapróun frá árinu 2005 til 2016 er ég sneri heim aftur. Sá starfi var undanfari að núverandi starfi mínu sem fasteignasali en reynsla mín og þekking á fasteignapróun og fasteignaviðskiptum kveikti áhuga minn á því að hasla mér völl á þeim vettvangi og sótti ég mér því réttindi sem löggiltur fasteignasali og hef starfað sem slíkur frá 2018. Ég er einnig með kennsluréttindi og starfaði sem kennari, að mestu í forfallakennslu, um nokkurra ára skeið sem veitti mér mikla ánægju.

Bakgrunnur minn úr rekstri og áhugi minn á andlegum eignum og þá sérstaklega menningarsögu sérstaklega kann að gera mig vel fallinn til að taka þátt í starfi kirkjuþings sem annars vegar hefur með höndum æðsta vald í fjármálum kirkjunnar en er hins vegar umsagnaraðili og frumkvæðisaðili að þeim málefnum sem móta starf kirkjunnar á Íslandi til framtíðar. Þannig nýtist reynsla mín úr rekstri við annað verkefnið en sýn mín á mikilvægi kirkjunnar sem menningarafli og hlutur hennar í mótun og sögu þjóðarinnar nýtist við hinn hlutann. Þetta sé ég sem góða samsetningu þar sem hin sögulega sýn og rekstrarlega sýn þurfa að fara saman svo vel sé. Þó svo kirkjan sé frábrugðin hefðbundnum fyrirtækjum í eðli sínum lýtur hún þó að hluta sömu lögmálum – tekjur þurfa að duga fyrir útgjöldum svo ekki fari illa. Til að svo megi verða eru einkum tvö atriði sem skipta máli en það er í fyrst lagi að auka tekjurnar, í öðru lagi að draga úr kostnaði en affarasælast er að gera hvort tveggja á sama tíma.

Til að halda rekstrinum á kirkjunni sem heild í réttu horfi þarf að sporna við minnkandi tekjum eftir megni. Til þess er besta leiðin að snúa við þeirri þróun að færri og færri greiði sóknargjöld til sóknarinnar sinnar. Að hluta til er þetta vegna lýðfræðilegra breytinga sem erfitt getur verið að sporna gegn en svo virðist einnig vera sem aukinn fjöldi ungs fólks hverfi frá kirkjunni á fullorðinsaldri og þarf að gæta að því hvers vegna það er. Með því að laða fólk að kirkjunni með fjölbreyttu starfi – sem sannarlega er fyrir hendi – gefast tækifæri til að hamla gegn þessari þróun og hugsanlega snúa henni við. Til þess að svo megi verða þurfa sóknarnefndir, starfsfólk kirkna og kirkjan í heild, öll að leggjast á eitt. Á þessu er engin

einföld lausn eða einfalt svar en með því að þróa starfið á þeim góða grunni sem það byggir kunna ný tækifæri að opnast sem skila kraftmiklu og áhugasömu fólki í kirkjustarfið. Að hluta til eru tekjur kirkjunnar komnar frá samningi við ríkið og þarf að huga að því hvernig því verður farið til framtíðar. Vera kann að sá samningur breytist í framtíðinni og þarf kirkjuþing að vera vakandi fyrir því hvernig við því yrði brugðist ef til kæmi. Ljóst er að sóknargjöld standa vart undir starfi sóknanna eins og ástandið er nú hvað þá ef launakostnaður presta og rekstur yfirstjórnar kirkjunnar bætist við þann kostnað sem þau þurfa að standa undir.

Á sama tíma þarf að huga að innheimtumálum kirkjunnar og hvort verið geti að betur fari á því að hún sé í beinu sambandi við greiðendur þjónustunnar en að innheimtan fari í gegnum ríkið eins og verið hefur um langt skeið. Þetta hefði ég áhuga á að skoða og tel að ekki megi ýta því út af borðinu án vandlegrar athugunar hvort þetta sé vænlegri leið til framtíðar. Vera kann að tengsl sóknarbarna verði meiri við sóknarkirkjuna sína með þessum hætti sem gæti styrkt starf kirknanna, hvernar á sínu svæði. Hugsanlegt er að ákvörðun um þetta atriði verði tekin fyrir kirkjuna á Íslandi af þeim yfirvöldum sem til þess hafa vald og er þá betra að vera vel undir það búinn heldur en að bregðast við því eftir að sú ákvörðun hefur verið tekin utan okkar vébanda. Sjálfsagt og eðlilegt er að sækja um þetta vitneskju, reynslu og þekkingu til annarra landa sem búa við lík eða ólík skilyrði.

Huga þarf vel að kostnaðinum og vinna þarf að því að finna leiðir til að spara í útgjöldum án þess að það komi niður á því góða starfi sem unnið er innan safnaða kirkjunnar um allt land. Þetta er hins vegar nauðsynlegt þegar við blasir að með áframhaldandi kostnaði vegna viðhalds eigna sóknanna þarf að leita leiða til að haga útgjöldum með þeim hætti að borð sé fyrir báru og óvæntum áföllum sé hægt að mæta án þess að það dragi úr þrótti safnaðarstarfsins sem er alltaf þungamiðja hvernar kirkjusóknar. Hér þarf að huga að öllum þeim útgjöldum sem falla til og velta við hverjum steini til að koma í veg fyrir hugsanlega soun á fjármunum og halda vel um sjóði söfnuðanna og kirkjunnar sem heildar. Þetta hefur verið gert á undanförunum árum af nauðsyn til að bregðast við hækkandi kostnaði og minnkandi tekjum og halda þarf því áfram og í einhverjum tilfellum gæti þurft að taka sársaukafullar ákvarðanir. Meginatriðið hér er þó að hafa alltaf hugfast að þeir sem eru í sóknarnefnd í hverri sókn eru að jafnaði best til þess fallnir að stýra þessu starfi og þarf að varast að miðstýra því um of þar sem þekkingin og reynslan er ríkust næst vettvangi. Gleymum því ekki að grunneining kirkjunnar er sóknin og sóknarbörnin og þátttaka þeirra í starfinu eru lífæð kirkjunnar – án þeirra er engin kirkja.

Ég vil að kirkjan eflist að þrótti og orku og leiti út á við og virki starfið í söfnuðunum sem mest en þar tel ég kjarna kirkjunnar vera – ekki hjá stofnunum eða byggingum. Kirkjan er fjöldahreyfing og til þess að hún uppfylli væntingar sem við gerum til hennar þarf hún að vera virk fjöldahreyfing með þátttöku fólks á öllum aldri. Þar tel ég verk að vinna en barnastarf og þátttaka eldri borgara er víða til fyrirmyndar en okkur vantar þá sem falla þar á milli í kirkjuna. Heimsóknir mínar í kirkjur landsins við messur hafa leitt mig að þeirri niðurstöðu að kirkjuna skorti virk aldursbil í okkar raðir til að geta sinnt starfi okkar sem skyldi. Ég vil taka þátt í að breyta því bæði hvað varðar fjármál en ekki síður aðferðir og nálgun að svo miklu leyti sem það er á færi og valdi kirkjuþings.

Ég er fjölskyldumaður, kvæntur og faðir fimm uppkominna drengja og á 5 afabörn. Mín mesta ánægja í lífinu er að hafa fjölskyldu mína nálægt mér og hef ég mikla ánægju af sonum

mínum og barnabörnunum en vildi geta séð þau öll oft en stærstur hluti barnabarnanna býr á Akureyri. Ég reyni þó að hitta þau eins oft og ég get þegar aðstæður leyfa. Ég hef yndi af tónlist, leikhúsi og kvikmyndum auk þess sem ég les mikið og ekki síst rit tengd sagnfræði en einnig fagurbókmenntir og ljóð. veiðiskapur til sjós og við ár og vötn hefur einnig verið áhugamál um langt skeið og gönguferðir í náttúrunni vekja mér ávallt yndi.

Ég hef haft tilhneigingu til að taka þátt í félagsstarfi hverskonar. Á skólaárum mínum var ég í stjórn nemendafélags Dalvíkurskóla, formaður leikfélags MA og var í fleiri félögum í MA auk þess að vera í ritstjórn annars af tveimur skólablöðum. Þegar ég var starfsmaður Sambands íslenskra samvinnufélaga var ég um nokkur ár ritstjóri Hlyns sem var mál gagn og gefið út af starfsmannafélagi Sambandsins. Þar tók ég viðtöl við starfsmenn sem komu úr ólíkum áttum og hafði ég afar gaman af því að kynnast lífssögum ólíks fólks sem áttu það sameiginlegt að starfa hjá Sambandinu. Ég tók þátt í störfum Samstarfshóps um sölu á lambakjöti um nokkurra ára skeið og sat í starfshópi á vegum Félags íslenskra iðnrekenda og verkalýðshreyfingarinnar sem kallaðist Íslenskt, já takk. Um nokkurt skeið hef ég verið ritari stjórnar Skjaldar sem er félag um skjaldkirtilssjúkdóma.

Ég er alinn upp við kristin gildi og líður vel í kirkju við sálmasöng og hugvekjandi ræður. Ég vil að sem flestir fái að njóta þess um ókomna tíð.

Ritað á páskadag 2022, lifið í friði.

Árni Helgason.